
Morgunblaðið

MENNING
LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 9. JANÚAR 1993 BLAÐ B



ORÐ, ORÐMYND, MYNDORÐ, MYND

Sýning á verkum skoska myndlistarmannsins Ians Hamilton Finlay opnuð á Kjarvalsstöðum í dag

TEXTI/SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

SKOTTÍS, skosk-íslenskir menningardagar, hefjast í dag á því að opnuð verður sýning á Kjarvalsstöðum á verkum eftir Ian Hamilton Finlay, sem hefur hlotið alþjóðlega frægð sem ljóðskáld, myndlistamaður og skrúðgarðahönnuður.

Þótt Ian Hamilton Finlay hafi hlotið alþjóðlega viðurkenningu og verk eftir hann séu til í opinberri eigu í flestum þeim löndum Evrópu sem telja sig til menningarsamfélaga (Frakkar báðu hann meira að segja að hanna útilistaverk í tilefni af 200 ára afmæli frönsku byltingarinnar), sannast á honum meir en nokkrum öðrum að enginn er spámaður í sínu föðurlandi. Ian Hamilton Finlay, sem talinn er merkasti listamaður Skota á þessari öld, hefur enn ekki hlotið styrki eða aðstoð úr sjóðum opinberra safna í sínu heimalandi, engin yfirlitssýning hefur verið haldin á verkum hans þar, Ríkislistasafnið í Skotlandi á engan skúlptúr eftir hann (keyptu að vísu grafíkmynd eftir hann á sjötíu pund fyrir fjölmörgum árum), jafnvel þótt skúlptúrarnir séu þau verka hans sem eftirsóttust eru. Því er það, að í heimalandi sínu er hann þekktastur fyrir hinn dæmalausa garð sem hann hefur hannað í kringum búgarð sinn, sem stendur í hlíðum Lanarkshirehæða í Edinborg; garður þar sem steinar eru meginuppistaðan, auk þess sem þar eru skúlptúrar, minnismerki, hof, spíralar, stólpar og áletranir af ýmsu tagi.

SJÁ NÆSTU SÍÐU